

LANDSSAMBAND HESTAMANNAFÉLAGA

BÆNDAHÖLL · 107 REYKJAVÍK · S: 91-29899 og 19200 · NNR. 5978—8922.



Stofnað 1949

2. fundur stjórnar L.H. 28. nóv. 1989.

Mættir: Kári-Skúli-Kristbjörg-Jón-Sigurður-Elísabet-Sigfús-Guðmundur-Gunnar-Kristmundur og Jóhann Þorsteinsson.

1. Lögð fram greinargerð L.H. varðandi skipan búfjárræktar-nefndar B.Í. þeiri sem taka á við hlutverki sýningar-nefndar B.Í., sem starfað hefur um árabil og L.H. hefur átt aðild að.

Hlutur L.H. virðist eiga að vera fyrir borð borinn í þessari nefnd og er því mótmælt í greinargerðinni. Tillaga L.H. um að fá 2 fulltrúa í nefndina af 7 er ítrekuð.

Skúli tók til máls, lýsti því yfir að taka yrði róttæka afstöðu í þessu málí. Skúli kvaðst fagna þessu samstarfi en kvaðst ekki fagna því að það verði gert á kostnað L.H.

Jóhann ræddi um framtíðarhlutverk Hrossaræktarsambands Íslands og Félags hrossabænda. Jóhann kvaðst einnig óttast framtíð landsmóta og hvert hlutverk sportmanna væri í þeim ef L.H. væri ýtt út úr ræktunarstarfinu. Kári ræddi um að B.Í. yrði að viðurkenna hlut L.H. í þessu málí. Frekari umræður urðu um þessi mál. Skúli kom enn fremur inn á samræmingu hæfileikadóma við gæðinga- og kynbótasýningar. Starf þetta sagði Skúli vera komið í gang. Skúli fjallaði svo aðeins um Hrossaræktarsamband Íslands og spunnust nokkrar umræður um framkvæmd ræktunarmála.

Ákveðið var að senda greinargerðina til stjórnar B.Í. og óska eftir fundi um málid í frambahaldi af því. Jóhann vék svo af fundi.

2. Reiðhallarmál. Kári og Kristbjörg fóru á fund Fjárvetinganefndar vegna Reiðhallarinnar og gerðu grein fyrir sínum málum. Hugmynd kom fram á fundi með Fjárvetinganefnd að ríkissjóður fengi greiðsluheimild til að yfirtaka lán ef hægt væri með einhverjum hætti að koma til móts við erindin.

Þá var haldinn fundur með Birgi Gunnarssyni formanni Fáks og rætt um hugsanlega aðild að húsinu. Birgir hafði rætt við forseta borgarstjórnar og kom í ljós að þekking borgaryfirvalda er lítil á málefnum hestamennsku og virðist þungt um fyrirgreiðslu úr þeiri átt.

Rætt var um að kynna þetta starf betur við borgaryfirvöld. Knýja þarf á að fá vinnuhóp í málið og koma menntamála- og landbúnaðarráðuneytum af stað. Einnig þarf að leita til borgaryfirvalda og var formaður á því að vinna það í gegnum Fák. Rætt var um að finna grundvöll að samstarfi ríkis og Reykjavíkurborgar. Það kom fram að Félag hrossabænda hefur lýst sig reiðubúið að koma inn í myndina.

Sigurður Hallmarsson kom með þá hugmynd að fara með erindið inn á Fræðsluskrifstofu Reykjavíkur til að koma hreyfingu á málið. Kári taldi að það mætti athuga. Nefndin vinnur frekar að málínú.

3. Málefni Hestsins Okkar. Ritstjóri hefur sagt upp störfum. Gera þarf endurskoðun á rekstri blaðsins en fjárhagur þess mun vera nokkuð erfiður nú. Formaður varpaði fram nokkrum spurningum um þetta mál. Hugmyndin er að senda blaðið til allra félaga L.H. þegar næsta tbl. kemur út. Fundarmenn töldu að reyna ætti að hressa svolítið upp á blaðið.

Jens Einarsson ritstjóri kom til fundar.

Hann upplýsti að nokkur samdráttur hafi orðið á áskrift og auglýsingum og útlit er fyrir einhvern halla. Jens taldi tímabært að skipta um ritstjóra og væri það ástæða fyrir uppsögninni. Hann kvaðst vera til viðræðu um dreifinguna og aðstoð við hana til að byrja með.

Jens kom fram með þá skoðun, að skrifstofan gæti séð um fjárreiðurnar en síðan væri ritstjóri sem sæi um útgáfu blaðsins. Auglýsingar taldi hann erfiðan þátt. Áskrifendum hefur fækkað um 300 1988 en talan liggur ekki fyrir vegna þessa árs. Blaðið hefur verið í lausasölu á stöku stað og selst talsvert þar.

Jens taldi að minnka ætti fréttir í blaðinu þar sem það kemur sjaldan út. Þá var rætt um aukna lausasölu. Það kom fram að þetta getur orðið kostnaðarsamt.

Gunnar taldi að hrísta þyrfti upp í blaðinu og kvaðst hann vona að hægt væri að ná aftur þeim áskrifendafjölda sem hefur tapast. Nokkrar umræður spunnust um leiðara síðasta tbl. og sagðist Jens ekki hafa skrifað hann með neikvæðu hugarfari, hins vegar væri verið að reyna að sýna fram á að breyta þyrfti efnistökum í blaðinu.

Jens fór svo af fundi.

Rætt var um ritnefndina og skipan hennar og hverjir ritnefndarmenna væru tilbúnir að sitja áfram. Formaður upplýsti að sér sýndist að flestir myndu gera það.

Fundarmenn ræddu nokkuð um efnistök.

Rætt hefur verið um að H.I.S. fái rúm í blaðinu.

Samþykkt var að auglýsa ritstjórástarfið. Skrifstofan sér um það og ráðningu í byrjun næsta árs, og umsóknarfrestur tvær vikur.

4. Íþróttaping L.H. Skúli sat það og var þingið illa sótt og full laust í reipunum. Í framhaldi af þessu ræddi Skúli um aðild félagsins Skugga að þessu þingi og ýmsu fleiru. Þá gerði Skúli ýmsar athugasemdir við umsókn félagsins að L.H., vegna þess að formlegur stofnfundur hefur ekki verið haldinn. Skúli lagði til að þetta mál yrði skoðað betur.
Þetta var rætt nokkuð og enn fremur var ákvörðun um mótsstað rætt nokkuð, vegna þess, að næsta Íslandsmót verður haldið í samvinnu við H.Í.S. Kári lagði fram lista 82 félagsmanna hestamannafélagsins Skugga í Borgarnesi. En skv. fundargerð 10. okt. var ákveðið að miða við áramót.

Fleira gerðist ekki.

Fundi slitið,

Kári Arnórsson.	Guðrún Ólafsdóttir
Skúli Ö. Kristjónsson.	Sigfús Guðmundsson.
Gunnar B. Gunnarsson.	Sigurður Hallmærsson.
Kristmundur Halldórsson.	Elísabet Þórólfssdóttir.
Jón Bergsson.	Kristbjörg Eyvindsdóttir.